

Útskýringar á stærðfræðihugtökum

Form og mynstur < 3 ára

hringur: tvívíður ferill sem er þannig að allir punktar ferilsins eru í sömu fjarlægð frá tilteknum punkti, miðpunkti.

ferhyrningur: samheiti yfir marghyrning með fjögur horn og fjórar hliðar. Hliðarnar geta verið mislangar og hornin misstór eða allar hliðar jafnlangar og öll horn jafn stór.

þríhyrningur: samheiti yfir marghyrning með þrjú horn og þrjár hliðar.

teningur: þrívítt form þar sem allir fletirnir sex eru jafnstórir ferningar (ferningur hefur allar hliðar jafn langar).

Form og mynstur < 6 ára

horn: þar sem tvær línur mætast í einum punkti.

miðja: t.d. miðja í hring og að standa í miðju, þegar jafn margir eru báðum megin við þann sem er þá í miðjunni.

kringlóttur: í laginu eins og hringur.

ferningur: ferhyrningur með allar hliðar jafn langar og öll hornin eru rétt þ.e. 90°

rétthyrningur: ferhyrningur þar sem öll horn eru rétt þ.e. 90°

sexhyrningur: marghyrningur með sex horn og sex hliðar.

sporöskjulaga: sporaskja er aflangur lokaður ferill.

keila: strýta með hringlaga grunnflöt (botn) sem gengur upp í odd (topppunktur).

Útskýringar á stærðfræðihugtökum

Form og mynstur < A hluti

hringur: tvívíður ferill sem er þannig að allir punktar ferilsins eru í sömu fjarlægð frá tilteknum punkti, miðpunkti.

ferhyrningur: samheiti yfir marghyrning með fjögur horn og fjórar hliðar. Hliðarnar geta verið mislangar og hornin misstór eða allar hliðar jafnlangar og öll horn jafn stór.

þríhyrningur: samheiti yfir marghyrning með þrjú horn og þrjár hliðar.

teningur: þrívítt form þar sem allir fletirnir sex eru jafnstórir feringar (ferningur hefur allar hliðar jafn langar).

Form og mynstur < B hluti

horn: þar sem tvær línur mætast í einum punkti.

miðja: t.d. miðja í hring og að standa í miðju, þegar jafn margir eru báðum megin við þann sem er þá í miðjunni.

kringlóttur: í laginu eins og hringur.

ferningur: ferhyrningur með allar hliðar jafn langar og öll hornin eru rétt þ.e. 90°

rétthyrningur: ferhyrningur þar sem öll horn eru rétt þ.e. 90°

sexhyrningur: marghyrningur með sex horn og sex hliðar.

sporöskjulaga: sporaskja er afgangur lokaður ferill.

keila: strýta með hringlaga grunnflöt (botn) sem gengur upp í odd (topppunkt).